



ES/sg

Reykjavík, 25. apríl 2005

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 30. f.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75, 1998, 74. mál, auglýsingar.

Með frumvarpinu fylgir skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjóra um viðbrögð við áfengisauglýsingum frá nóvember 2001. Í skýrslunni er að finna lýsingu á stöðu þessara mála hér á landi og víða erlendis. Jafnframt er þar að finna hugmyndir um breytingar á 20.gr. áfengislaga.

Miðað við þá áherslu sem lögð er á nefnda skýrslu í frumvarpinu hefði mátt ætla að betur væri komið til móts við þau sjónarmið sem þar koma fram en raun er á. Að mati embættisins er alltof skammt gengið í frumvarpinu og ekki líklegt að sú breyting sem þar er gert ráð fyrir komi til með að hafa þau áhrif sem að er stefnt. Orðalagið í breytingatillögunni “hætta á ruglingi” er matskennt og óljóst og því óheppilegt í refsilöggjöf. Um þetta atriði er sérstaklega fjallað í skýrslunni og er hér með vísað til þess sem þar segir, sjá kafla 7.3, 7.6, 7.7 og 8.

Af hálfu embættisins er lagt til að þessi lagabreyting nái ekki fram að ganga en á hinn bóginn er hvatt til þess að hugað verði að heildarendurskoðun á 20.gr. áfengislaga ásamt öðrum lagabreytingum sem fjallað er um í skýrslunni.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík